



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Umsókn um aukið framlag til Waldorfskólans Sólstafa

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 21. júní 2017 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar og áheyrnarfulltrúa Pírata, auk þess lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. júní 2017, varðandi umsókn Waldorfskólans Sólstafa um aukið framlag Reykjavíkurborgar frá hausti 2017, bréf Waldorfskólans Sólstafa, dags. 9. maí 2017, þar sem óskað er eftir fjölgun nemenda sem greitt er framlag vegna og tölvubréf Waldorfskólans Sólstafa, dags. 26. maí 2017, með nánari upplýsingum. Jafnframt lagður fram þjónustusamningur við Waldorfskólann Sólstafi, dags. 20. október 2015, ásamt viðauka við þjónustusamning, dags. 24. febrúar 2017:

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til Waldorfskólans Sólstafa verði breytt með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna geti orðið 67 í stað 57 frá upphafi skólaárs 2017 – 2018. Sviðsstjóra er falið að gera viðauka við núverandi samning aðila, dags. 20. október 2015, þar sem kveðið er á um fjölgun reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna um 10 reykvíska nemendur. Breyting taki gildi frá og með skólaárinu 2017 – 2018.

Greinargerð fylgir.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs með fimm atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Framsóknar og flugvallarvina og Sjálfstæðisflokksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Vinstri grænna situr hjá. Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Greinargerð

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 15. júní 2017

Bréf Waldorfskólans Sólstafa, dags. 26. maí 2017

Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar og Bjartrar framtíðar og áheyrnarfulltrúa Pírata:

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til Waldorfskólans Sólstafa verði breytt með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna vegna geti orðið 67 í stað 57 frá upphafi skólaárs 2017 – 2018. Sviðsstjóra er falið að gera viðauka við núverandi samning aðila, dags. 20. október 2015, þar sem kveðið er á um fjölgun reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna um 10 reykvíska nemendur. Breyting taki gildi frá og með skólaárinu 2017 – 2018.

Greinargerð:

Í þjónustusamningum sem samþykktir voru í skóla- og frístundaráði og borgarráði í september 2015 við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík voru fjöldatakmarkanir miðaðar við að fjöldi reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna yrði að hámarki eins og fjöldinn hafði verið mestur sem greitt hefur verið framlag vegna hjá viðkomandi skóla á sl. tíu ár árum að viðbættum 10 %. Hámarksfjöldi nemenda skv. samningi við Waldorfskólann Sólstarfi sem heimilt er að greiða framlag vegna er 47 skv. samningnum en nú munu vera 47 reykvískir nemendur í skólanum. Viðauki við samninginn sem heimilar greiðslu framlags vegna 10 nemenda til viðbótar eða 57 nemenda samtals var undirritaður 24. febrúar 2017. Skv. upplýsingum Waldorfskólans Sólstafa eru nú fyrirbyggjandi umsóknir 17 nýrra reykvískra nemenda í skólann.

Lagt er til að samþykkt verði að auka svigrúm skólans til að fjölga reykvískum nemendum um 10 til viðbótar.

Um aðra þætti er vísað til minnisblaðs sviðsstjóra, dags. 15. júní 2017.



Reykjavík, 15. júní 2017
SFS2016040185
121. fundur
HG/gst

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grimssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Umsókn Waldorfskólans Sólstafa um aukið framlag frá hausti 2017

Með bréfi, dags. 9. og 26. maí 2017, fara fyrrsvarsmenn Waldorfskólans Sólstafa fram á að fjölgað verði nemendum sem greitt er framlag vegna um 10 nemendur skólaárið 2017 – 2018 umfram þá fjölgun um 10 nemendur úr 47 í 57 nemendur sem samþykkt var á 119. fundi í skóla- og frístundaráði sem haldinn var 14. desember 2016 og í borgarráði þann 22. desember 2016.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og Waldorfskólinn Sólstafir hafa gert þjónustusamning um framlag vegna nemenda í skólanum sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. Samningurinn gildir til 31. október 2018 og heimilar greiðslu framlags vegna 47 reykvískra nemenda í Waldorfskólanum Sólstöfum. Viðauki við samninginn sem heimilar greiðslu framlags vegna 10 nemenda til viðbótar eða 57 nemenda samtals var undirritaður 24. febrúar 2017.

Rök skólans fyrir beiðni um fjölgun nemenda sem greitt er framlag vegna eru þau að við lok skólaársins 2016 – 2017 séu þegar 47 nemendur í skólanum úr Reykjavík og fyrirliggjandi umsóknir fyrir 17 nemendur. Aðeins sé vitað um 7 nemendur sem séu að útskrifast og/eða flytja sig um set í vor og því sé sá fjöldi nemenda sem þjónustusamningurinn kveður á um þegar fylltur og að skólinn þurfi að skrá nemendur á biðlista. Forsvarsmenn skólans benda jafnframt á að aukin aðsókn sé í skólann og að hann sé staðsettur í hverfi sem sé í mikilli uppbyggingu og að of naumur fjöldi nemenda hamli uppbyggingu skólans og getu hans til að sinna aukinni eftirspurn um skólavist miðsvæðis í borginni.

Bréfinu dags. 9. maí 2017 fylgir listi með nöfnum þeirra 17 nemenda sem sótt hefur verið um skólavist fyrir á næsta skólaári og þar af eru 16 með lögheimili í Reykjavík. Í Waldorfskólanum Sólstöfum er nú greitt framlag vegna 47 reykvískra nemenda en að auki eru í skólanum 17 nemendur með lögheimili utan Reykjavíkur eða samtals 64 nemendur.

Í bréfi Waldorfskólans Sólstafa, dags. 26. maí 2017, benda forsvarsmenn skólans jafnframt á að á næsta skólaári sé áætlaður nemendafjöldi um 75 nemendur og að takmarkaður fjöldi nemenda sem borgaryfirvöld hafi samþykkt að greiða framlag vegna geri það að verkum að ekki sé hægt að taka við börnum úr hverfunum í næsta nágrenni við skólann og í borginni allri

Þannig að nemendum skólans með lögheimili í öðrum sveitarfélögum muni því fjölga á kostnað reykvískra nemenda sem skjóti skökku við þar sem margir grunnskólar í næsta nágrenni skólans séu yfirfullir og mikil uppbygging virðist framundan í hverfunum nálægt skólanum. Waldorfskólinn Sólstafrir vilji gjarnan bjóða velkomna nemendur úr öðrum sveitarfélögum en telji sig umfram allt vera Reykjavíkurskóli sem hafi hug á að þróast í þá átt að styrkja og auka fjölbreytni í skólastarfi borgarinnar. Því erindi fylgdi að auki markaðs- og viðskiptaáætlun skólans þar sem gerð er grein fyrir hugmyndafræði skólans og helstu áherslum í skólastarfinu auk upplýsinga um fyrirhugaða uppbyggingu skólans á næstu árum.

Skv. 1. mgr. 43. gr. a. laga um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum, skal sveitarfélag sem skóli starfar í gera þjónustusamning um rekstur skólans við rekstraraðila. Samningur felur í sér samþykki sveitarfélags fyrir stofnun skólans, staðfestingu á rétti til fjárframlaga skv. 43. gr. b og skuldbindingu sveitarfélags um að hafa eftirlit með starfi hans. Skv. 3. mgr. 43. gr. a getur sveitarfélag hafnað því að gera þjónustusamning eð takmarkað hann við tiltekinn nemendafjölda, t.d. ef fjárframlögð til skólanna kunna að hafa neikvæð áhrif á skóastarf sveitarfélagsins sjálfs og fjárveitingar til þess.

Skv. 43. b. laga um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum á sjálfstætt rekinn grunnskóli sem gert hefur þjónustusamning rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Skv. 2. og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 1270/2016 um ákvörðun framlaga úr sveitarsjóði til sjálfstætt rekinna grunnskóla skal útreikningur Hagstofu Íslands vegna komandi skólaárs liggja fyrir í september ár hvert. Útreikningur skal byggður á ársreikningum sveitarfélaga fyrir liðið ár, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga til þess dags sem útreikningur er gerður. Verðlagsbreytingar skulu taka mið af almennum launahækkunum starfsmanna grunnskóla og breytingum á vísitölu neysluverðs að teknu tilliti til vægis hvors þáttar fyrir sig í rekstrarkostnaði grunnskólanna. Hagstofa Íslands tekur saman 90 dögum eftir að viðmiðunarmánuði lýkur og birtir fimmta dags hvers mánaðar, á tímabilinu frá október og fram til ágúst, framreiknað framlag skv. 1. mgr. Við framreikning þess skal tekið tillit til verðlagsbreytinga sem orðið hafa frá ákvörðun framlags skv. 1. mgr., þ.e. almennra launahækkana starfsmanna grunnskóla og breytinga á vísitölu neysluverðs, miðað við vægi hvors þáttar í rekstrarkostnaði grunnskóla.

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 1.755.187 í mars 2017. Miðað við að greitt sé 75% af þeirri fjárhæð er árlegt framlag sveitarfélags á hvern nemanda í sjálfstætt reknum grunnskóla kr. 1.382.210.-

Gert er ráð fyrir 5% álagi á framangreinda fjárhæð. Ef miðað er við 70% þá er árlegt framlag sveitarfélagsins pr. nemanda miðað við mars 2017 kr. 1.228.631 að viðbættu 5% álagi kr. 1.290.063.-

Fastur kostnaður Reykjavíkurborgar vegna hvers nemanda að því gefnu að pláss sé fyrir hann í grunnskóla Reykjavíkurborgar er u.þ.b. 679.000- eða u.þ.b. 35% af áætluðum árlegum rekstrarkostnaði á hvern nemanda í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Heildargreiðslur vegna 10 reykvískra nemendur til viðbótar til Waldorfskólanum Sólstöfum, 10 x 1.382.210, verða því kr. 13.822.100 á ársgrundvelli miðað við að greitt sé 75% af áætluðum árlegum rekstrarkostnaði.

Ef miðað er við að breyting á verðlagi leiði til 5% hækkunar á framlaginu má gera ráð fyrir að aukin framlög til skólans frá upphafi skólaársins 2017 - 2018 vegna 10 reykvískra nemenda verði kr. 14.513.205 á árinu 2017 miðað við 75%.

EKKI er gert ráð fyrir auknum framlögum frá því sem nú er til Waldorfskólans Sólstafa í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna ársins 2017.



Waldorfskólinn Sólstafir

Sóltúni 6 104 Reykjavík
sími: 5771110

solstafir@waldorf.is

Reykjavík 09.05.2017

Erindi: Nemendakvóti í Waldorfskólanum Sólstöfum og upplýsingar um nemendafjölda skólaárið 2017-2018.

Þann 24. febrúar sl. var undirritaður viðauki við þjónustusamning Waldorfskólans Sólstafa þar sem viðmið um hámarksfjöldar reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna, var hækkað úr 47 nemendum í 57 nemendur frá og með upphafi skólaársins 2017-2018.

Nú í annarlök eru 47 nemendur í skólanum úr Reykjavík og fyrirbyggjandi umsóknir fyrir 17 nemendur.

Þar sem einungis 7 nemendur útskrifast og/eða flytja sig um set nú í vor er sá nemendakvóti sem úthlutað var fyrir skólann í þessum viðauka nú þegar fylltur og skólinn þarf að setja nemendur á biðlista.

Viljum við benda á þetta og þá staðreynd að aukin aðsókn er í skólann og hann staðsettur í hverfi sem er í mikilli uppbyggingu um þessar mundir. Teljum við, kennarar skólans, að of naumur kvóti nemenda hamli uppbyggingu skólans sem gæti sinnt aukinni eftirspurn um skólavist miðsvæðis í borginni.

Hjálagður er listi yfir nemendur sem sótt hafa um fyrir næsta skólaár.

Ennfremur óskar skólinn eftir því að viðmið um fjölda nemenda sem greitt er með verði aukið um 10 nemendur í viðbót strax á næsta skólaári.

Fyrir hönd Waldorfskólans Sólstafa

Sigurbjörg A. Eiðsdóttir

Snorri Traustason

From: Waldorfskólinn Sólstafir [mailto:solstafir@waldorf.is]
Sent: 26. maí 2017 12:38
To: Helgi Grímsson
Subject: Nemendafjöldi við Waldorfskólann í Sóltúni

Sæll Helgi

Erindi: Upplýsingar varðandi ósk Waldorfskólann Sólstafa um fjölgun nemenda með lögheimili í Reykjavík.

Waldorfskólinn Sólstafir hefur fengið úthlutað auknum nemendakvóta fyrir skólaárið 2017-2018 skv. viðauka við þjónustusamning skólans við Reykjavíkurborg. Er hann fyrir 57 nemendur en var áður 47 nemendur.

Fór skólinn fram á þessa aukningu í ljósi þess að umsóknum til skólans hefur fjölgað. Er þessi viðbót við nemendakvóta nú þegar fullnýtt og kominn biðlisti barna í Reykjavík, sem hafa hug á að stunda nám við Waldorfskólann.

Eru nokkrar af þessum umsóknum frá nemendum í næsta nágrenni við skólann.

Að okkar mati gefa viðmiðunartölur um nemendafjölda undanfarinna ára, sem notaðar hafa verið til útreikninga, ekki rétta mynd af stöðu skólans, þar sem mikil aukning er nú milli ára í fjölda umsókna, en frá 2011 lækkuðu nemendatölur vegna þess rasks sem varð á starfseminni þegar skólinn var fluttur úr Breiðholti.

Er nemendafjöldi skólans næsta vetur áætlaður í kringum 75 nemendur.

Afleiðing þessar auknu aðsóknar og þessa 57 nemenda kvóta fyrir skólaárið 2017-2018 er að nú er ekki hægt að taka við börnum úr hverfunum í kring eða úr borginni og mun fjöldi nemenda úr nærliggjandi sveitarfélögum því aukast í skólanum.

Fyrirsjáanlegt er því að hér í Sóltúni verði skólinn í náinni framtíð mikið setinn nemendum sem búa í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur.

Skýtur þetta nokkuð skökku við þar sem grunnskólarnir í nágrenni okkar eru yfirfullir og mikil uppbygging virðist framundan í hverfum nálægt skólanum.

Við tökum gjarnan við nemendum úr öðrum sveitafélögum en Waldorfskólinn Sólstafir er Reykjavíkurskóli og vill fyrst og fremst þróast í þá átt að styrkja og auka fjölbreytni skólaflórunnar í borginni.

Með þessu bréfi langar okkur að benda á þessa stöðu í skólanum og myndum vilja vera í viðræðum við þig um þetta ferli og hvernig er best að vinna úr því.

Að auki sendum við markaðs og viðskiptaáætlun skólans frá 2016, varðandi fyrirhugaða uppbyggingu skólans á næstu árum.

Bestu kveðjur

Snorri Traustason

Helga Óskarsdóttir

Sigurbjörg Eiðsdóttir

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Skóla- og fristundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, hér eftir SFS, og Waldorfleikskólinn Sólstafr, kt. 430694-2199, Grundarstíg 19, vegna grunnskólans að Sóltúni 6, Reykjavík, hér eftir skólinn, gera með sér eftirfarandi þjónustusamning um framlag vegna nemenda í skólanum sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík:

1. gr. Skilyrði

Skólinn skal hafa viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðherra.

Starfsemi og starfsaðstaða skólans skal á hverjum tíma vera í samræmi við gildandi lög og reglur um grunnskóla og lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Réttindi og skyldur nemenda skulu vera í samræmi við gildandi grunnskólalög á hverjum tíma, reglugerðir settar samkvæmt þeim og aðalnámskrá grunnskóla.

Um framlagið samkvæmt samningi þessum gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg.

2. gr. Rekstrarframlag

Framlagið nemur 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendum. Fjölgi nemendum umfram 200 nemur framlagið 70% af vegnu meðaltali fyrir hvern nemanda umfram 200. Greitt er framlag vegna 47 nemenda.

Framangreint framlag Reykjavíkurborgar við skólann, sem er framlag vegna reksturs skólans allt árið, verður greiddur með 9 greiðslum síðasta virka dag hvers mánaðar fyrir líðandi mánuð. Ekki er greitt mánuðina júní, júlí og ágúst. Framlagið miðast við fjölda nemenda í skólanum í yfirstandandi mánuði, sem eiga lögheimili í Reykjavík og nemendur sem eru fósturbörn, ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. SFS krefur sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur um kostnað vegna skólagöngu barns í fóstur hjá fósturforeldrum með lögheimili í Reykjavík.

Um greiðslu kostnaðar vegna stuðnings við nemendur með metnar sérþarfir og nemendur með annað móðurmál en íslensku er vísað til 6. og 7. gr. samningsins.

Skólanum ber að koma réttum upplýsingum um fjölda nemenda til SFS fyrir 5. dag hvers mánaðar til að hægt sé að greiða rétta fjárhæð í lok mánaðarins.

HT

Skólanum er heimilt að taka nemendur í skólann sem ekki eiga lögheimili í Reykjavík en Reykjavíkurborg greiðir hvorki framlag né annan kostnað vegna þeirra.

Skólanum ber að skila til SFS starfsáætlun, þ.m.t. upplýsingum um fjölda nemenda á komandi skólaári, eigi síðar en 1. maí ár hvert. Listi yfir nemendur sem stunda nám í skólanum í ágústlok skal sendur SFS eigi síðar en 1. september. Skólanum er jafnframt skylt að veita sviðinu aðgang að nemendaskrá og upplýsingar um innritaða nemendur þegar þess er óskað.

Skólanum er heimilt að óska eftir breytingu á viðmiði um fjölda nemenda sem greitt er framlag vegna ef sýnt er fram á að fjölgun nemenda verði umfram framangreindan hámarksfjölda nemenda í 1. mgr. 2.gr. samnings þessa. Umsókn skal berast með starfsáætlun eigi síðar en 1. maí ár hvert. Skal ákvörðun Reykjavíkurborgar vegna beiðni um breytingu á viðmiði liggja fyrir eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 10. júní.

Rekstrarafgang af starfsemi skólans, sem rekja má til opinberra fjárveitinga, skal nýta til að efla skólastarfið. Í ársskýrslu skólans til Reykjavíkurborgar skal gerð grein fyrir því hvernig framangreindur rekstrarafgangur er metinn og hvernig honum er varið.

3. gr.

Gjaldtaka

Skólanum er heimilt að taka gjald af foreldrum vegna kennslu og skólamáltíða.

4. gr.

Innritun nemenda

Skólanum ber að setja sér reglur um innritun nemenda sem byggðar skulu á ákvæðum grunnskólalaga um skóla án aðgreiningar þar sem allir nemendur eiga sama rétt til að innrita í skólann án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

5. gr.

Sérfræðipjónusta

Skólinn á rétt á sömu sérfræðipjónustu og almennir grunnskólar frá þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar í því hverfi sem skólinn er staðsettur.

6. gr.

Stuðningur við nemendur með sérþarfir

Skólinn getur sótt um fjármagn vegna sérstaks stuðnings fyrir nemendur með metnar sérþarfir, samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma. SFS greiðir 45% af úthlutaðri fjárhæð vegna haustannar fyrir 1. nóvember og 55% vegna vorannar fyrir 1. apríl. Þarfnist nemandi með lögheimili utan Reykjavíkur sérstakrar aðstoðar eða aukins stuðnings semur skólinn sérstaklega um viðbótargreiðslur við viðkomandi sveitarfélag.

7. gr.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Skólinn getur sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma vegna kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í Reykjavík. Um kostnað vegna kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.

8. gr.

Upplýsingar, mat og eftirlit

Skólinn skal lúta sama eftirliti með innra starfi og aðrir grunnskólar í Reykjavík. Þeir skulu framkvæma innra mat með því að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Skólanum ber að birta á heimasíðu sinni upplýsingar um innra mat, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

SFS framkvæmir ytra mat og ber skólanum að láta sviðinu í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma matið og til að sinna að öðru leyti eftirlitsskyldu sinni.

Við undirritun samnings þessa liggur skólanámskrá skólans fyrir. Skólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrána reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar.

Starfsáætlun skólans fyrir komandi skólaár skal send skóla- og frístundaráði til staðfestingar fyrir 1. maí ár hvert.

9. gr.

Ársskýrsla

Skólinn skal skila ársskýrslu ásamt endurskoðuðum ársreikningi til SFS fyrir 1. maí ár hvert fyrir liðið fjárhagsár.

10. gr.

Fundir og námskeið fyrir skólastjórnendur

SFS skal upplýsa og bjóða stjórnendum skólans á reglubundna fundi sem yfirstjórn SFS heldur með skólastjórnendum í Reykjavík. Jafnframt skal bjóða stjórnendum skólans að sækja námskeið á vegum SFS gegn greiðslu kostnaðar.

11. gr.

Endurskoðun samnings

Ef upp koma breytingar í starfsumhverfi viðurkenndra grunnskóla sem reknir eru af öðrum en Reykjavíkurborg er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins með tilliti til þeirra.

12. gr.

Framsal

Samningsaðilum er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

13. gr.

Force Majeure

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

HGT

14. gr.
Gildistími og uppsögn

Samningurinn tekur gildi 1. nóvember 2015. Samningurinn gildir til þriggja ára og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar SFS eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

Þjónustusamningur þessi er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með eins árs fyrirvara.

15. gr.
Endurkrafa á ofgreiddu framlagi og vanefndir

Komi í ljós að SFS hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun SFS lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Skólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði.

Komi til vanefnda af hálfu annars hvors aðila samnings þessa er hinum aðilanum heimilt að grípa til viðeigandi vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

16. gr.
Afturköllun viðurkenningar

Afturkalli mennta- og menningarmálaráðherra viðurkenningu skólans fellur samningur þessi úr gildi án uppsagnar.


17. gr.
Varnarþing

Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.


18. gr.
Undirritun

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, 20. október 2015



F.h. skóla- og frístundasviðs og Reykjavíkurborgar



F.h. Waldorfskólans Sólstafa

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

WALTER AT EITRI DACS. CC UNIVIRK

gjafin síðu 240467-4619

Walter At Eitri DACS. CC UNIVIRK 110662-4248

06. MAR. 2017

Malsnr. SFS2013090060
Brétalýkið 7.3

Viðauki við þjónustusamning

1. gr.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 og Waldorfskólinn Sólstafir, kt. 430694-2199, Grundarstíg 19, vegna grunnskólans að Sóltúni 6, Reykjavík, gerðu þann 20. október 2015 með sér þjónustusamning um framlag vegna 47 nemenda í skólanum sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík.

Aðilar framangreinds þjónustusamnings hafa ákveðið að gera viðauka við framangreindan samning.

2. gr.

Viðaukinn er byggður á samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 14. desember 2016, sem staðfest var í borgarráði 22. desember 2016. Þar var samþykkt að frá upphafi skólaárs 2017/2018 verði heimilt að greiða framlag vegna 10 barna til viðbótar við þau 47 börn sem nú er heimilt að greiða framlag vegna skv. 2. gr. framangreinds samnings. Því verður heimilt að greiða framlag vegna alls 57 barna frá og með upphafi skólaársins 2017/2018.

3. gr.

Viðauki þessi telst vera hluti framangreinds samnings milli aðila frá 20. október 2015 og gilda sömu ákvæði um uppsögn og endurskoðun samningsins. Að því leyti sem ákvæði viðauka þessa og gildandi samnings kunna að teljast ósamrýmanleg gilda ákvæði viðaukans.

4. gr.


Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsaðila á viðaukanum skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

5. gr.

Viðauki þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, sitt handa hvorum samningsaðila.


Viðaukinn er undirritaður af sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs f.h. Reykjavíkurborgar og Sigurbjörg A. Eiðsdóttir f.h. Waldorfskólans Sólstafa, sem ábyrgist að fyrir hendi sé heimild stjórnar skólans til að undirrita viðauka þennan.

Reykjavík 24 febrúar 2017



F.h. skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Helgi Grímsson, sviðsstjóri



F.h. Waldorfskólans Sólstafa

Sigurbjörg A. Eiðsdóttir

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun:

S. Trautson 011262 7245
Þ. Þ. Magnússon 1203684435



Beiðni vegna viðauka við fjárhagsáætlun 2017

Til: Borgarstjóra

Frá: Skóla og frístundasvið

Nr. máls*: _____

Nr. viðauka*: _____

*(fyllist út af skrifstofu borgarstjórnar)

Efni: Tillaga um aukið framlag til Waldorsskólans Sólstafa hausti 2017

Sjá:

Tillaga framlag og fjöldi nemenda Waldorskólinn Sólstafir

Minnisblað Waldorf – Beiðni um aukið framlag 31.m1í 2017

Tillagan felur í sér að fjárheimildir sviðsins árið _____ hækki/lækki um 6.874.676 kr. (4,5m./9,5mán.)

Tillagan felur í sér skuldbindingu til framtíðar sem þýðir að árlegur kostnaður hækkar/lækkar um 14.413.205 kr.

Tillagan felur ekki í sér skuldbindingu til framtíðar.

Breytingin hefur áhrif á eftirfarandi kostnaðarstaði:

Kostn.st. _____ kr. _____

Kostn.st. _____ kr. _____

.....

Eftirtalin gögn eru meðfylgjandi:

- Erindi sviðsstjóra til borgarráðs (þar sem fram kemur afgreiðsla fagráðs)
- Tillaga fagsviðs ásamt greinargerð, kostnaðaráætlun og áhrifum á fjárheimildir
- Jafnréttismat
- Umsögn fjármálaskrifstofu um jafnréttismat
- Aðrar umsagnir: frá _____
- Önnur gögn: _____

[undirskrift]

Helgi Grímsson
sviðsstjóri



Reykjavík, 15. júní 2017
SFS2016040185
121. fundur / fskj. 1/1
HG/gst

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grimssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Umsókn Waldorfskólans Sólstafa um aukið framlag frá hausti 2017

Með bréfi, dags. 9. og 26. maí 2017, fara fyrirvarsmenn Waldorfskólans Sólstafa fram á að fjölgað verði nemendum sem greitt er framlag vegna um 10 nemendur skólaárið 2017 – 2018 umfram þá fjölgun um 10 nemendur úr 47 í 57 nemendur sem samþykkt var á 119. fundi í skóla- og frístundaráði sem haldinn var 14. desember 2016 og í borgarráði þann 22. desember 2016.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og Waldorfskólinn Sólstafir hafa gert þjónustusamning um framlag vegna nemenda í skólanum sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. Samningurinn gildir til 31. október 2018 og heimilar greiðslu framlags vegna 47 reykvískra nemenda í Waldorfskólanum Sólstöfum. Viðauki við samninginn sem heimilar greiðslu framlags vegna 10 nemenda til viðbótar eða 57 nemenda samtals var undirritaður 24. febrúar 2017.

Rök skólans fyrir beiðni um fjölgun nemenda sem greitt er framlag vegna eru þau að við lok skólaársins 2016 – 2017 séu þegar 47 nemendur í skólanum úr Reykjavík og fyrirbyggjandi umsóknir fyrir 17 nemendur. Aðeins sé vitað um 7 nemendur sem séu að útskrifast og/eða flytja sig um set í vor og því sé sá fjöldi nemenda sem þjónustusamningurinn kveður á um þegar fylltur og að skólinn þurfi að skrá nemendur á biðlista. Forsvarsmenn skólans benda jafnframt á að aukin aðsókn sé í skólann og að hann sé staðsettur í hverfi sem sé í mikilli uppbyggingu og að of naumur fjöldi nemenda hamli uppbyggingu skólans og getu hans til að sinna aukinni eftirspurn um skólavist miðsvæðis í borginni.

Bréfinu dags. 9. maí 2017 fylgir listi með nöfnum þeirra 17 nemenda sem sótt hefur verið um skólavist fyrir á næsta skólaári og þar af eru 16 með lögheimili í Reykjavík. Í Waldorfskólanum Sólstöfum er nú greitt framlag vegna 47 reykvískra nemenda en að auki eru í skólanum 17 nemendur með lögheimili utan Reykjavíkur eða samtals 64 nemendur.

Í bréfi Waldorfsskólans Sólstafa, dags. 26. maí 2017, benda forsvarsmenn skólans jafnframt á að á næsta skólaári sé áætlaður nemendafjöldi um 75 nemendur og að takmarkaður fjöldi nemenda sem borgaryfirvöld hafi samþykkt að greiða framlag vegna geri það að verkum að ekki sé hægt að taka við börnum úr hverfunum í næsta nágrenni við skólann og í borginni allri

Þannig að nemendum skólans með lögheimili í öðrum sveitarfélögum muni því fjölga á kostnað reykvískra nemenda sem skjóti skökku við þar sem margir grunnskólar í næsta nágrenni skólans séu yfirfullir og mikil uppbygging virðist framundan í hverfunum nálægt skólanum. Waldorfskólinn Sólstafir vilji gjarnan bjóða velkomna nemendur úr öðrum sveitarfélögum en telji sig umfram allt vera Reykjavíkurskóli sem hafi hug á að þróast í þá átt að styrkja og auka fjölbreytni í skólastarfi borgarinnar. Því erindi fylgdi að auki markaðs- og viðskiptaáætlun skólans þar sem gerð er grein fyrir hugmyndafræði skólans og helstu áherslum í skólastarfinu auk upplýsinga um fyrirhugaða uppbyggingu skólans á næstu árum.

Skv. 1. mgr. 43. gr. a. laga um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum, skal sveitarfélag sem skóli starfar í gera þjónustusamning um rekstur skólans við rekstraraðila. Samningur felur í sér samþykki sveitarfélags fyrir stofnun skólans, staðfestingu á rétti til fjárframlaga skv. 43. gr. b og skuldbindingu sveitarfélags um að hafa eftirlit með starfi hans. Skv. 3. mgr. 43. gr. a getur sveitarfélag hafnað því að gera þjónustusamning eð takmarkað hann við tiltekinn nemendafjölda, t.d. ef fjárframlögð til skólanna kunna að hafa neikvæð áhrif á skóastarf sveitarfélagsins sjálfs og fjárveitingar til þess.

Skv. 43. b. laga um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum á sjálfstætt rekinn grunnskóli sem gert hefur þjónustusamning rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Skv. 2. og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 1270/2016 um ákvörðun framlaga úr sveitarsjóði til sjálfstætt rekinna grunnskóla skal útreikningur Hagstofu Íslands vegna komandi skólaárs liggja fyrir í september ár hvert. Útreikningur skal byggður á ársreikningum sveitarfélaga fyrir liðið ár, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga til þess dags sem útreikningur er gerður. Verðlagsbreytingar skulu taka mið af almennum launahækkunum starfsmanna grunnskóla og breytingum á vísitölu neysluverðs að teknu tilliti til vægis hvors þáttar fyrir sig í rekstrarkostnaði grunnskólanna. Hagstofa Íslands tekur saman 90 dögum eftir að viðmiðunarmánuði lýkur og birtir fimmta dags hvers mánaðar, á tímabilinu frá október og fram til ágúst, framreiknað framlag skv. 1. mgr. Við framreikning þess skal tekið tillit til verðlagsbreytinga sem orðið hafa frá ákvörðun framlags skv. 1. mgr., þ.e. almennra launahækkana starfsmanna grunnskóla og breytinga á vísitölu neysluverðs, miðað við vægi hvors þáttar í rekstrarkostnaði grunnskóla.

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 1.755.187 í mars 2017. Miðað við að greitt sé 75% af þeirri fjárhæð er árlegt framlag sveitarfélags á hvern nemanda í sjálfstætt reknunum grunnskóla kr. 1.382.210.-

Gert er ráð fyrir 5% álagi á framangreinda fjárhæð. Ef miðað er við 70% þá er árlegt framlag sveitarfélagsins pr. nemanda miðað við mars 2017 kr. 1.228.631 að viðbættu 5% álagi kr. 1.290.063.-

Fastur kostnaður Reykjavíkurborgar vegna hvers nemanda að því gefnu að pláss sé fyrir hann í grunnskóla Reykjavíkurborgar er u.þ.b. 679.000- eða u.þ.b. 35% af áætluðum árlegum rekstrarkostnaði á hvern nemanda í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Heildargreiðslur vegna 10 reykvískra nemendur til viðbótar til Waldorfskólanum Sólstöfum, 10 x 1.382.210, verða því kr. 13.822.100 á ársgrundvelli miðað við að greitt sé 75% af áætluðum árlegum rekstrarkostnaði.

Ef miðað er við að breyting á verðlagi leiði til 5% hækkunar á framlaginu má gera ráð fyrir að aukin framlög til skólans frá upphafi skólaársins 2017 - 2018 vegna 10 reykvískra nemenda verði kr. 14.513.205 á árinu 2017 miðað við 75%.

Ekki er gert ráð fyrir auknum framlögum frá því sem nú er til Waldorfskólans Sólstafa í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna ársins 2017.

Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar og Bjartrar framtíðar og áheyrnarfulltrúa Pírata:

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til Waldorfskólans Sólstafa verði breytt með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna vegna geti orðið 67 í stað 57 frá upphafi skólaárs 2017 – 2018. Sviðsstjóra er falið að gera viðauka við núverandi samning aðila, dags. 20. október 2015, þar sem kveðið er á um fjölgun reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna um 10 reykvíska nemendur. Breyting taki gildi frá og með skólaárinu 2017 – 2018.

Greinargerð:

Í þjónustusamningum sem samþykktir voru í skóla- og frístundaráði og borgarráði í september 2015 við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík voru fjöldatakmarkanir miðaðar við að fjöldi reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna yrði að hámarki eins og fjöldinn hafði verið mestur sem greitt hefur verið framlag vegna hjá viðkomandi skóla á s.l. tíu ár árum að viðbættum 10 %. Hámarksfjöldi nemenda skv. samningi við Waldorfskólann Sólstarfi sem heimilt er að greiða framlag vegna er 47 skv. samningnum en nú munu vera 47 reykvískir nemendur í skólanum. Viðauki við samninginn sem heimilar greiðslu framlags vegna 10 nemenda til viðbótar eða 57 nemenda samtals var undirritaður 24. febrúar 2017. Skv. upplýsingum Waldorfskólans Sólstafa eru nú fyrirbyggjandi umsóknir 17 nýrra reykvískra nemenda í skólann.

Lagt er til að samþykkt verði að auka svigrúm skólans til að fjölga reykvískum nemendum um 10 til viðbótar.

Um-aðra þætti er vísað til minnisblaðs sviðsstjóra, dags. 15. júní 2017.



Reykjavík 2016

Jafnréttismat tekur mið af **mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar** sem miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, stjórnámálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, efnahags, ætternis, þjóðfélagsstöðu, fötlunar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Reykjavík hefur jafnræði borgaranna og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi og hefur einsett sér að vera í fararbroddi í mannréttindamálum með sérstakri **áherslu á að jafna stöðu kynjanna**. Mikilvægt er að halda til haga að misrétti í garð jaðarhópa geta skarast og haft margfeldnisáhrif á jaðarsetningu s.s. á grundvelli ólíkra þátta, t.d. kyns og fötlunar.

Mannréttindastefnan er m.a. byggð á lögum um **jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008**. Áhersla er á jafnan rétt kvenna og karla skal vera sýnileg í allri starfsemi borgarinnar og staða kynja á að skoðast sérstaklega í öllum þeim hópum sem stefnan nær til. Kynjuð fjárhags – og starfsáætlun er hluti af þeirri vinnu.

Hlutverk Reykjavíkurborgar er margþætt, sem **stjórnvald, atvinnurekandi, veitandi þjónustu og samstarfsaðili og verkkaupi**. Aðferðafræði kynjaðarar fjárhags- og starfsáætlunar þarf að beita á alla þessa þætti. Hafa þarf í huga við hagræðingu og forgangsröðun að gæta að hagkvæmri nýtingu fjármuna í samræmi við jafnréttismarkmið borgarinnar og ólíkar þarfir einstaklinga. Að auki er æskilegt að draga fram hvaða áhrif hagræðingaraðgerðir hafa á ólaunaða vinnu inni á heimilum.

Jafnréttismati er ætlað að tryggja að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sé fylgt, það felur í sér upplýstari ákvarðanatöku og réttlátri skiptingu fjár, eykur þekkingu á jafnréttismálum og skilning á stöðu jaðarsettra hópa. Með skilvirkri notkun á jafnréttismati er unnt að auka gagnsæi, auka hagkvæmni í rekstri og tryggja betri verkferla og stjórnunarhætti.

Niðurstöður Jafnréttismats

Nafn fagsviðs/skrifstofu:

Nafn ábyrgðaraðila:

Númer tillögu:

Dagsetning skila til FMS:

Upphæð:

I. Hver er tillagan?		
II. Leyfi til fjölgunar nemenda í Waldorfskólanum Sólstafir		
III. Hvert er markmiðið með tillögunni?		
IV. Heimild til fjölgunar nemenda um 10		
V. Hver eru kynjaáhrifin og áhrifin á jaðarsetta hópa? jöfn		
Greining á kynjaáhrifum, áhrifum á jaðarsetta hópa og samtvinnun ólíkra jaðarbreyta. E/V Dæmi um atriði sem koma fram í greiningu eru: <ul style="list-style-type: none">▪ Hvernig er kynjasamsetning þeirra sem nýta þjónustuna?▪ Hvaða jaðarsettu hópar nýta þjónustuna?▪ Hefur tillagan áhrif á einhverja af þessum jaðarhópum? Hvaða áhrif?▪ Hver er kynjasamsetningin á þeim jaðarsettu hópum?▪ Hvernig skiptist fjárhæðin á milli kynja?▪ Hvernig munu fjárhæðir samkvæmt tillögunni skiptast á milli kynja innan jaðarhópa?▪ Skarast mismunur á grundvelli ólíkra þátta, t.d. kyns og fötlunar?		
VI. Hvert er jafnréttismarkmið tillögunnar? (getur verið fleira en eitt)		
<input type="checkbox"/> Efnahagslegt jafnræði	<input type="checkbox"/> Jöfn skipting umönnunar og heimilisstarfa	<input type="checkbox"/> Jöfn tækifæri og aðgengi til góðrar heilsu
<input type="checkbox"/> Jöfn þátttaka og áhrif í samfélaginu	<input type="checkbox"/> Auka sýnileika kyn- og jaðargreindrar tölfræði	<input checked="" type="checkbox"/> Jöfn tækifæri og aðgengi til náms
<input type="checkbox"/> Aukin virðing milli kynja og í garð jaðarsettra hópa	<input type="checkbox"/> Sporna gegn kynbundnu ofbeldi og/eða ofbeldi sem beinist að jaðarsettum hópum	<input type="checkbox"/> Jafna kynjaskiptingu/draga úr aðgreiningu jaðarsettra hópa
<input type="checkbox"/> Jöfn félagsleg virkni og sjálfstæð	<input type="checkbox"/> Sporna gegn hefðbundnum kynímýndum, staðalmyndum og stimplun	

VII. Hvaða áhrif hefur það á kynjajafnrétti og jafnrétti jaðarsettra hópa ef tillagan er samþykkt?	
<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Eykur á misrétti kynjanna<input type="checkbox"/> Eykur á misrétti í garð jaðarsettra hópa<input checked="" type="checkbox"/> Viðheldur óbreyttu ástandi kynjanna<input checked="" type="checkbox"/> Viðheldur óbreyttu ástandi jaðarsettra hópa<input type="checkbox"/> Stuðlar að jafnrétti kynja<input type="checkbox"/> Stuðlar að jafnrétti í garð jaðarsettra hópa	Rökstuðningur: